FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

Framkvæmdaáætlun FA í framhaldi af sjálfsmati og úttektarskýrslu 2008



Formáli

Í þjónustusamningi ASÍ og SA við menntamálaráðuneytið (MRN) frá 26. janúar 2006 kemur fram að menntamálaráðuneytið muni, að höfðu samráði við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA), láta gera heildarúttekt á starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar fyrir árslok 2007.

Stjórn og starfsfólk FA ákvað að vinna sjálfsmat bæði á innri starfsemi og árangri í verkefnum þar sem það gæfi gott tækifæri til að efla enn frekar þá gæðaumræðu sem stöðugt fer fram innan FA. Verkefnið hófst í mars 2007 og var unnið jafnt og þétt meðfram öðrum störfum fram að 15. september þegar sjálfsmatsskýrslu var skilað til MRN. Í framhaldi af því fór fram úttekt sem unnin var af starfsmönnum ParX, viðskiptaráðgjafar IBM. Skýrslu þeirra um úttektina var skilað til MRN í desember 2007.

Starfsfólk FA vill þakka úttektarnefndinni fyrir gott samstarf og gagnlegar ábendingar. Hjá FA er mikill metnaður að gera vel og því fengur að því að fá tillögur sem lúta að því að auka gæði og árangur starfseminnar.

Fram kemur í skýrslunni að FA hafi unnið mjög gott starf og almennt sé mikil ánægja með verkefnin hjá samstarfsaðilum FA. Þar eru gerðar tillögur um ýmis fleiri verkefni sem FA hefur góðar faglegar forsendur til að vinna og til framfara horfa og bent á ýmsar breytingar sem mætti gera á innri starfsemi, sérstaklega ef verkefnum fjölgar og verkefnasvið víkkar.

Á grundvelli tillagnanna í úttektarskýrslunni hefur stjórn og starfsfólk FA rætt hugmyndir og leiðir til að framkvæma þær og unnið sérstaka framkvæmdaáætlun sem er ætlað að taka á þeim meginþáttum sem fram koma í skýrslunni. Ýmislegt er þegar búið að framkvæma eða komið á veg síðan úttektin var gerð en annað þarf lengri tíma og er háð stefnumörkun stjórnar og ráðuneytis og jafnvel einnig háð vilja og ákvörðunum annarra aðila, s.s. ASÍ, SA, HÍ, BSRB, Hagstofunnar og ýmissa fræðsluaðila á vinnumarkaði.

Hér á eftir fara viðbrögð og áætlanir stjórnar og starfsmanna FA við ábendingum sem fram koma í skýrslunni. Fremst eru talin upp þau atriði sem telja má meginniðurstöður um það sem til úrbóta horfir en síðan eru atriðin tekin fyrir kafla fyrir kafla.

Allar helstu ábendingar og tillögur úr úttektarskýrslunni eru teknar upp, ekki alveg orðrétt þó, og feitletraðar með tilvitnun í blaðsíðunúmer til glöggvunar og síðan koma viðbrögðin sem felast í framkvæmdaáætlun í beinu framhaldi af þeim.

Meginniðurstöður úttektarskýrslu um starfsemi FA:

Um ytri starfsemi

Faglegar forsendur eru fyrir hendi til að auka við starfsemi FA og taka að sér viðbótarverkefni fáist fjármagn til þess t.d. :

- **markvissar þarfagreiningar í íslensku atvinnulífi og aukið námsframboð í samræmi við þær,**
- **fjárveitingar vegna íslensku fyrir útlendinga o.fl. verkefni tengd íslenskukennslunni**
- **námsefnisgerð sem fylgi námstilboðum og námsskrám FA skuli samræmd**

Taka upp samstarf við fleiri fræðsluaðila í fullorðinsfræðslu.

Setja aukinn kraft í uppbyggingu á námsferilsskrá/nemendabókhaldi (komið í gang).

Fá fram meiri og ítarlegri upplýsingar og kortlagningu á markhópnum.

Skipuleggja markvisst heildarþarfagreiningarferli.

Efla jákvætt viðhorf til einingamats vegna raunfærni og vottaðra námsleiða.

Um innri starfsemi

Fá lengra samningstímabil til að auðvelda áætlanagerð til lengri tíma.

Fjölga starfsfólki. (Fjármálastjórn, kynningarmál, aukin verkefni)

Bæta kynningarstarfsemi og skjalastjórnun.

Efla upplýsingamál og upplýsingamiðlun

Skýra betur ábyrgðarskiptingu og faglega ábyrgð sérfræðinga.

Bæta verkefnisstjórnun og verkferla.

Setja á stofn fagráð fyrir FA.

1. Framkvæmd

Í úttektarskýrslu kom fram að :

> **Athugað verði hvort FA komi í auknum mæli að námsefnisgerð þannig að tryggja megi samræmi í kennslu (s. 24).**
>
> **Eindregin ósk hjá framkvæmdaraðilum námskeiða að FA annaðist námsefnisgerð en einnig kom fram í skýrslunni að á því væru ýmsir annmarkar (s. 8-9).**

FA mun skoða möguleika á námsefnisgerð almennt með námsskrám en það er skýrt að til þess þarf mikið viðbótarfjármagn. Gróft áætlað má ætla að það þýði þrjár milljónir með hverri hundrað stunda námsskrá. Stjórn og starfsfólk FA munu fjalla um málið á næsta misseri og stjórn FA og MRN í framhaldi af því á sameiginlegum fundi.

> **Að hægt sé að auka aðsókn á námskeið með því að halda þau á vinnutíma (s. 24).**

Í samvinnu allra hagsmunaðila þarf að kanna hvort hægt sé í auknum mæli að gera einstaklingum kleift að stunda nám í vinnutíma. Aðkoma ASÍ og SA er nauðsynleg í þessu máli. FA mun beita sér fyrir því að málið fái umræðu innan beggja samtaka.

> **Endurskoðun fari fram á aðkomu FA að starfsmenntun útlendinga (s. 22)**.

Ljóst er að á fyrstu árum í starfi FA hefur áherslan verið á þann stóra hóp á íslenskum vinnumarkaði sem ekki hefur lokið framhaldsskóla. Á sama tíma hefur fjöldi erlendra starfsmanna farið vaxandi og því nauðsynlegt að skoða málefni þeirra á næstu árum. Stórt hagsmunamál erlendra starfsmanna er nám í íslensku, en það verkefni er á höndum menntamálaráðuneytisins. Eftir því sem íslenskukennsla eflist er ástæða til að huga að frekari menntun erlendra starfsmanna. FA mun beita sér fyrir því að gerð verði könnun á þörfum erlendra starfsmanna til náms í samstarfi við hagsmunaaðila.

> **Stjórn og MRN gætu mótað stefnu þar sem litið er til aukinna verkefna, t.d. íslenskukennslu og aukið framboð á vottuðum námsleiðum (s. 21).**

FA mun beita sér fyrir því að málið sé tekið til umræðu af stjórn og á samráðsfundum í MRN.

2. Samstarf

Í úttektarskýrslu kom fram að :

> **Stjórn FA þarf að taka afstöðu til þess hvort skynsamlegt sé að taka upp viðræður við aðra fræðsluaðila í landinu um samstarf til að tryggja að ekki komi til óhagkvæm nýting á fjármunum sem varið er til fullorðinsfræðslu (s. 21).**
>
> **Auka mætti nýtingu fjár með samstarfi við aðra fræðsluaðila á landinu og auknu framboði á vottuðum námsleiðum í samræmi við víðtækara samstarf og stærri markhóp (s. 21-22**).
>
> **Skilgreina megi betur hlutverk FA gagnvart símenntunarmiðstöðvum og framhaldsskólum (s. 10).**

Núna eru formlegir samstarfsaðilar FA 12 talsins. Ýmsir fleiri aðilar sinna fræðslu fyrir markhópinn. FA mun skoða hvort hægt sé að víkka samstarfið út þannig að fleiri aðilar yrðu virkjaðir og þannig fengist betri nýting fjár. Stjórn og starfsfólk FA munu fjalla um málið á næsta misseri og stjórn FA og MRN í framhaldi af því.

Einnig mun FA beita sér fyrir því að hafa meira samband við SA um samstarf við fyrirtæki og virkja betur menntanefndir ASÍ og SA og halda fundi með þeim til kynningar og umræðna.

> **Fyrirkomulag á starfsemi FA hefur í för með sér að ákveðin fjarlægð er frá markhópnum (s. 10).**

Tengsl starfsmanna við markhópinn mun FA auka með því að setja inn í innri gæðaviðmið hugmyndir um þátttöku starfsmanna í ýmsum viðburðum sem snerta hópinn, t.d. útskriftir eftir námskeið, kennslu á námskeiðum sem markhópurinn sækir, samskipti við þá sem kenna markhópnum og heimsóknir á símenntunarmiðstöðvar, kynningarfundi sem við höldum um okkar þjónustu til markhóps o.s.frv.

Einnig mun FA beita sér fyrir því að hafa á hverjum tíma aðgang að rýnihóp/álitshóp sem verði nokkurs konar sendiherrar náms. Þar í verði trúnaðarmenn fólksins í markhópnum og fulltrúar atvinnulífsins.

FA mun starfa markvisst að því að eyða misskilningi um hlutverk og starfsemi sína með meiri og markvissari kynningu.

3. Námsframboð

Í úttektarskýrslu kom fram að :

> **FA skilgreini markvisst ferli um greiningu á námsþörf víðs vegar um landið (s. 2 og s. 11) og móti formlegri farveg fyrir greiningu og mat á þörfum markhópsins (s. 22).**
>
> **Huga þarf að aukinni kortlagningu á markhópnum til að efla megi starfsmenntun á Íslandi enn frekar (s. 24).**

FA mun á næstu misserum vinna að markvissri greiningu og mati á þörf fyrir nám í samstarfi við ýmsa aðila og tryggja að sjónarmið atvinnulífsins komi þar fram, ásamt því að skoða hvort einhverjir hópar hafi orðið útundan.

FA mun einnig beita sér fyrir því í samráði við hagsmunaaðila að rannsókn verði gerð á þörfum markhópsins til námsframboðs og á gagnsemi náms sem þegar er í boði jafnframt að hvetja til þess að að fá fram meiri upplýsingar og tölfræði um einstaklinga á vinnumarkaði, betri kortlagningu á markhópnum með skírskotun til Hagstofunnar og ýmissa rannsóknarstofnana.

Jafnframt mun FA taka þátt í að fá fram skoðanaskipti við framhaldsskólann um skörun á námsframboði út frá mismunandi þörfum fullorðinna og unglinga.

4. Einingamat námsleiða

Í úttektarskýrslu kom fram að :

> **Lagt er til að fram fari markviss rannsókn á nýtingu eininga og hvort námsleiðir nýtist til framgangs í starfi (s. 2).**
>
> **Huga þarf að því hvernig verkefnið og aðferðir munu verða metnar inn í nám í framhaldsskólum (s. 2).**
>
> **Mikilvægt er að einingamatið verði skoðað nánar en ljóst má vera að hér togast á ólíkir hagsmunir og ólíkar kröfur (s. 12).**

Starfsmenn FA telja ekki tímabært enn að rannsaka nýtingu eininga þar sem þessi nýja hugsun um einingar utan skólakerfisins þurfi tíma til að gerjast og gagnast, en telja að hæfilegt sé að hefja undirbúning að mati á nýtingu eininga inn í framhaldsskóla landsins fljótlega og framkvæma rannsókn þegar þær námsleiðir FA, sem nú eru starfræktar, hafa verið í gangi í rúmlega 5 ár.

Einnig telja þeir að ný fullorðinsfræðslulög og framhaldsskólalög muni geta stuðlað að því að breyta stöðunni hvað varðar mat formlega skólakerfisins og viðhorf varðandi gagnsemi eininga. Endurskoða þarf einingamat í tengslum við ný framhaldsskólalög. FA mun einnig hvetja til þess að skoðað verði hvaða áhrif námsleiðir og einingamat hafi á framgang í starfi. Ýmsar vísbendingar hafa þegar komið fram um aukinn framgang í kjölfar einingametinna fagnámsleiða FA.

5. Þróun aðferða við raunfærnimat

Í úttektarskýrslu kom fram að :

> **Næstu skref gætu falist í að taka verkefnið inn í almenna framhaldsskólakerfið og viðurkenna aðferðir og tilurð þess (s. 13).**

Þróun verkefnisins fylgir verkáætlun sem sett var fram í upphafi. Þær tillögur sem sendar hafa verið menntamálaráðuneyti gera ráð fyrir að verkefnið verði tekið inn í almenna framhaldsskólakerfið ásamt því að einnig verði opin fullorðinsfræðsluleið í raunfærnimati, samanber tillögur sem sendar voru til MRN um framhald verkefnisins og áætlun um þróun raunfærnimats.

6. Náms- og starfsráðgjöf

Í úttektarskýrslu kom fram að :

> **Samráðsvettvangur náms- og starfsráðgjafa verði gerður formlegri og athuga megi með tengingu inn í háskólaumhverfið (s. 2)**.

Samráðsvettvangur náms- og starfsráðgjafa hefur þegar verið efldur og einnig samskipti og samráð við Háskóla Íslands um nám sem hentar. Sérfræðingur FA kemur að kennslu þar.

> **FA endurskoði árangursmarkmið í náms- og starfsráðgjöf og setji jafnframt kröfur um gæðalegan árangur, FA og símenntunarmiðstöðvarnar geri sameiginlega tillögu um framkvæmd og fyrirkomulag (s. 22).**

Nýjar tillögur um árangursmarkmið eru þegar komnar fram og verið samþykktar af MRN. Þær verða nú prófaðar í eitt ár. Í þeim kemur fram að gæðin verði yfirfarin á árinu.

> **Samtök atvinnulífsins ættu að kynna þessa þjónustu enn frekar til félagsmanna sinna og hvetja til þátttöku (s. 14).**

FA mun beita sér fyrir að efla samstarf við ASÍ og SA um kynningu á náms- og starfsráðgjöfinni.

7. Námsferilsskrá

Í úttektarskýrslu kom fram að :

> **Lagt er til að verkefni um nemendabókhald verði endurskilgreint og leitað leiða til að nýta sem fyrst þá vinnu sem þegar hefur farið fram (s. 23).**
>
> **Tryggja þarf að þessi kerfi (**framhaldsskólinn og fullorðinsfræðslan**) vinni sem best saman, t.d. með því að flýta eins og kostur er innleiðingu námsferilskrár (s. 23).**

Þetta verkefni er þegar komið í ferli og mun kerfið verða tilbúið til notkunar í haust þegar samningur hefur verið gerður.

8. Kennslufræði

Í úttektarskýrslu kom fram að :

> **Tímaskortur kennara sé helsta hindrunin í vegi þess að aðferðir fullorðinsfræðslu nái góðri útbreiðslu (s. 16).**

FA hyggst byggja upp kennsluefni á vefnum á næstu misserum til að ná til fleiri kennara á vegum samstarfsaðila. Einnig að flokka efni Gáttar á vefnum til að auðvelda lestur kennslufræðilegra greina. Aðrir möguleikar til að stuðla að gæðum kennslu fyrir markhópinn er að leggja áherslu á að kynna þau gæðatæki sem FA hefur unnið að, s.s. gæðaviðmiðin, Recall verkefnið og mælistiku í námsefnisgerð.

9. Íslenska

Í úttektarskýrslu kom fram að :

> **Gerð námsefnis í íslensku fyrir erlenda starfsmenn og þjálfun kennara er ólokið en afurð væntanleg (s. 3).**

FA skilaði inn til menntamálaráðuneytis í desember námsefnispakka og tillögum um framgang verkefna. Verið er að undirbúa námskeið fyrir kennara og samningur við menntamálaráðuneytið um nokkur verkefni er í bígerð. Að öðru leyti vísast til stefnumótunar menntamálaráðuneytisins í þessu máli.

> **Lagt er til að MRN móti heildstæða stefnu um íslenskukennslu fyrir útlendinga (s. 3).**

Þetta verkefni er á forræði menntamálaráðuneytisins en FA er fúst til að taka að sér verkefni á þessu sviði.

10. Gæði

Í úttektarskýrslu kom fram að :

> **Tímaskortur hjá starfsfólki og kennurum gerir það að verkum að gæðaviðmiðin nýtast ekki sem skyldi (s. 3 og 18).**

Endurskoðun gæðaviðmiða er hafin í nánu samstarfi við samstarfsaðila með það í huga að gera þau einfaldari og aðgengilegri.

Recall samstarfsverkefnið um gæðaeftirlit í fræðslu mun væntanlega styðja enn frekar við eflingu gæða. Niðurstöður munu liggja fyrir í lok ársins 2008.

11. Eftirlit MRN

Í úttektarskýrslu kom fram að :

> **Ef fyrirsjáanleg aukning verður í fullorðinsfræðslu á Íslandi þurfi MRN að veita aukið aðhald (s. 2).**

MRN getur sett ákvæði um aukið eftirlit inn í þjónustusamninga vegna aukinna umsvifa FA.

12. Stjórnun og starfsmannamál

Í úttektarskýrslu kom fram að :

> **Stjórnskipulagið þurfi að einkennast af skýrari og markvissari ábyrgðarskiptingu, skýrum en stuttum boðleiðum og góðu upplýsingaflæði og huga megi að aukinni ábyrgð sérfræðinga (s. 21).**
>
> **Aukin áhersla á verkefnisstjórnun er góð leið til að stuðla að frumkvæði starfsmanna og framþróun í starfseminni þannig að þekking og reynsla starfsmanna nýtist sem best (s. 23).**
>
> **Lagt er til að settir verði fram gátlistar um þætti eins og meðhöndlun erinda sem berast Fræðslumiðstöðinni (s. 23).**

Við núverandi aðstæður er ekki þörf að stokka upp stjórnskipulagið í FA. Nauðsynlegt er að hafa samvinnu mismunandi aðila í öllum verkefnum vegna eðlis starfseminnar þar sem gæta þarf margvíslegra hagsmuna. Þau verkefni sem FA vinnur lúta ekki einungis rekstrarlegum sjónarmiðum heldur einnig félagslegum og samfélagslegum. Einnig nær starfsemi FA yfir marga málaflokka og fáir sérfræðingar sem sinna þeim. Allt þetta gerir kröfu til vandaðrar hópvinnu til að tryggja breiða sýn í úrlausnarefnum. Því má telja að hið flata skipulag henti vel meðan starfsmannafjöldinn gefur ekki kost á meiri sérhæfingu.

FA mun vinna að því í framhaldi af þessari úttekt að fullgera starfsmannahandbók fyrir innri starfsemi og í henni verða gátlistar yfir flest ferli í starfseminni, m.a. verkefnisstjórnun og meðhöndlun erinda.

> **Ábyrgð á almennu kynningastarfi má bæta (s. 21).**

Kynning á starfsemi og þjónustu FA er fyrst og fremst fyrir samstarfsaðilana, það eru þeir sem sjá svo um kynningu fyrir markhópinn. Eðlilegast er að hafa kynningarmál á einni hendi. Skoða þarf því möguleika á að ráða kynningarstjóra og fara yfir hvernig kynningum á starfseminni sé best háttað. Einnig þarf að skoða hvort FA eigi að breyta kynningarstefnu sinni og kynna beint fyrir einstaklingum. Ljóst er að aukin áhersla á kynningarmál kallar á aukið fjármagn í verkefnið. Málefnið verður viðfangsefni stjórnar FA.

> **Hvatt er til að hratt og örugglega verði ráðin bót á að innleiða öflugt skjalastjórnunarkerfi (s. 21).**

FA mun skoða leiðir til að innleiða skjalastjórnunarkerfi á næstu misserum.

Athuga sérstaklega hvort setja eigi á laggirnar sérstakt fagráð (s. 2 og 23).

Stjórn FA er í raun fagráð með mikil og góð tengsl við markhóp og eigendur. Frá upphafi hefur verið starfandi þriggja manna hópur sérfræðinga í fullorðinsfræðslu frá Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri sem gefur fagleg ráð og stuðning. Sérfræðingahópurinn heldur árlega fundi.

Sérfræðingar starfandi hjá FA eru þeir sem leitað er til um sérfræði á sviði fullorðinsfræðslu á Íslandi þegar slíkt kemur upp svo það er vandséð hverjir gætu setið í fagráði og bætt miklu við þá faglegu þekkingu og reynslu sem fyrir er. Sérfræðingar FA á hverju sviði eru í tengslum við marga ráðgefandi hópa erlendis, bæði á Norðurlöndum og í Evrópuverkefnum.

Góð hugmynd væri þó að stofna notendafagráð úr markhópnum bæði almennt og í sérstökum verkefnum. Önnur hugmynd, sem krefðist þó aukins fjármagns, væri að fá erlenda sérfræðinga á sérsviðum FA til að mynda fagráð. Málið verður rætt í stefnumótun stjórnar og starfsmanna.

13. Fjármál og rekstur

Í úttektarskýrslu kom fram að :

Lagt er til að samþykktarferlar reikninga verði skilgreindir á ný (s. 20 og 23).
Mikilvægt er að samningsstjórnun og þekking á samningagerð sé í réttum farvegi (s. 20).

Samþykktarferlið var endurskilgreint árið 2007 í samráði við endurskoðendur og ekki er ástæða er til að endurskoða það nema umfang starfsemi FA aukist þeim mun meira. Allir stærri samningar eru bornir undir stjórn FA þar sem sitja vanir samningamenn og auk þess ef ástæða þykir til eru þeir bornir undir lögfræðinga.Lagt er til að þessu verklagi verði haldið áfram.

Æskilegt er að lengja samningstímabilið við MRN til að auðvelda áætlanagerð (s. 20).
Lagt er til að fjármálastjóri verði ráðinn með auknum umsvifum FA (s.21).
Umhugsunarefni hvort FA eigi að standa í svo umfangsmiklum húsnæðisrekstri (s. 19).
MRN þarf að meta hvort og hvernig það muni beita sér varðandi framlög til FA (s. 22).

Þessi málefni eru öll góðra gjalda verð en ekki á höndum FA að taka ákvarðanir um þau. FA mun beita sér fyrir því að þau verði tekin til umræðu hjá ASÍ, SA og menntamálaráðuneyti.